



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2483
komudagur 15.5.2012

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 15. maí 2012
1205004 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um breyt. á l. um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (ráðstafanir til að draga úr nauðung).

Með tölvubréfi dags. 9. maí 2012 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um 692. mál, þskj. 1124, á lþ. 140, frv. til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk).

Jafnréttisstofa fagnar því að frumvarpið sé komi fram og tekur undir það að brýnt sé að setja skýrar reglur um framkvæmd nauðungar gagnvart þeim einstaklingum sem löggin taka til. Jafnréttisstofa minnir á ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar segir m.a. að öll mismunun á grundvelli kyns sé óheimil. Við framkvæmd ákvæða frumvarpsins, verði það að lögum, þarf að gæta að ákvæðum jafnréttis laga og alltaf þarf að hafa markmið þeirra laga í huga, en það er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig söðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. jafnréttislaganna. Fatlaðir einstaklingar, konur og karlar, njóta réttinda samkvæmt jafnréttislögum eins og aðrir og því má ekki gleyma að staða fatlaðra kvenna og karla er ekki endilega alltaf sú sama/sambærileg. Huga þarf að kynjasjónarmiðum við alla ákvarðanatöku á grundvelli þeirra lagaákvæða sem nú er lagt til að verði lögfest.



Jafnréttisstofa

Um 2. gr. e. lið:


Jafnréttisstofa bendir á að með vísan til ofangreinds er nauðsynlegt að bæði konur og karlar verði í því sjö manna sérfræðingateymi sem lagt er til að verði komið á fót. Þannig er betur tryggt að sjónarmiðum og stöðu beggja kynja sé haldið til haga í vinnu teymisins. Skipun teymisins með þeim hætti væri einnig í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga.

Um 2. gr. f. lið:

Mínt er á að undanþágunefndin á að vera skipuð í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga, þannig að í henni séu bæði konur og karlar. Gjarnan mætti vísa til þeirrar greinar í umræddum f. lið 2. gr. frv.

Sé óskað frekari athugasemda eða upplýsinga veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elfasdóttir
lögfræðingur